

Reglur um húsnæði í eigu sveitarfélagsins

1. Heimilt er að leigja út húsnæði sveitarfélagsins og er leiga innheimt í samræmi við gjaldskrá og reglur þessar.
2. Heimilt er að víkja frá gjaldskrá ef áhugamannafélög og stofnanir sveitarfélagsins eiga í hlut. Þeim ber þó ávallt að greiða tilfallandi kostnað sem af útleigunni hlýst, svo sem flutning á borðum og stólum, gæslu og annað sem kann að koma upp á.
3. Óheimilt er að leigja út húsnæði sveitarfélagsins í beinni samkeppni við þau fyrirtæki sem stunda veitingarekstur í sveitarfélaginu, þetta á þó ekki við um erfidrykkjur, brúðkaup, afmæli eða annað sem tengist samveru fjölskyldna. Heimilt er þó að leigutakar bjóði upp á mat sem þeir hafa framleitt sjálfir eða keypt af veitingastöðum. Óheimilt er hins vegar að selja mat í hinu leigða húsnæði nema að viðurkenndir veitingastaðir eigi í hlut. Öll sala áfengis er bönnuð öðrum en þeim sem hafa tilheyrandi leyfi.
4. Leigutaka ber að greiða STEF-gjöld vegna þeirrar samkomu sem haldin er í hinu leigða húsnæði. Þau eru ekki á ábyrgð sveitarfélagsins.
5. Leigu skal ávallt staðfesta með undirrituðum samningi vegna hins útleigða.
6. Almennt gildir að leigutaki þrifi húsnæði áður en því er skilað. Hægt er að fá keypt þrif og hækkar leigan vegna þess sem nemur kostnaði við þrifin. Upphæð er breytileg eftir stærð húsnæðis.
7. Um almennt skemmtanahald þar sem áfengi er haft um hönd gildir að leigutaki sinnir frumþrifum áður en húsnæðinu er skilað. Starfsmenn sinna í kjölfarið ræstingum húsnæðisins og bætist sá við kostnaður leiguna.
8. Í lok leigutíma ber leigutaka að skila húsnæði og munum þess í sama ásigkomulagi og við upphaf leigu. Leigutaki ber kostnað af hugsanlegum skemmdum á leigutímanum.
9. Mögulegt er að leigja sundlaug sveitarfélagsins til afnota fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða hópa utan almennan opnunartíma. Um þá leigu gilda sérstakar reglur.
10. Vinna starfsmanna fylgir kjarasamningsbreytingum

Samþykkt í bæjarsjórn þann 11. febrúar 2016

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri